

**Landmælingar á Þjórsár - Tungnaárvæði
varðandi jarðfræðirannsóknir 1980**

Björn Jónasson

Greinargerð BJJ-80/01-B

Landmælingar (staðs.- og hæðarmæl.) eru tvíþættar:

- A. Setja út mannvirkin eins og þau eru áætluð í dag, einstakar borholur og aðra "fastákveðna" punkta.
- B. Staðsetnings- og hæðarmælingar á borholum, jarðsveiflumælingum, gryfjum, jarðlagaskilum o.s.frv. Verður að mæla eftir því sem verkinu miðar áfram.

Samkvæmt áætlun ráðgjafa

"Þjórsárvirkjanir. Vettvangsrannsóknir" dagsettri í janúar 1980 og "Samningi milli Landsvirkjunar og Orkustofnunar um virkjunarrannsóknir við fyrirhugaðar Þjórsárvirkjanir árið 1980" eru rannsóknarsvæðin fjögur:

1. Sultartangavirkjun
2. Búrfellsvirkjun II
3. Búðarhálsvirkjun
4. Stórisjór.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir mælingaþörf hvers svæðis í tíma-röð eins og hún liggur fyrir í dag og hvort hún er A- eða B-mæling sbr. upphaf greinargerðarinnar. Ennfremur er meðfylgjandi rannsóknar-áætlun, sem sýnir hvenær rannsóknirnar verða framkvæmdar. Stórisjór er ekki inni í þeirri áætlun, en gera má ráð fyrir, að þar sé ekki mælinga þörf fyrr en í september.

1. Sultartangavirkjun

1.1 A-mæling

1.11 Setja út stöðvarhús- og frárennslisgöng í Sandfelli, en þar er um tvær leiðir að ræða, svo og borholur merktar með rauðum lit, sjá kort 1.

1.12 Setja út frárennslisskurð á Hafi og 4 borholur sbr. kort 1.

1.13 Setja út stíflustæði í Sultartanga og upp með farvegi Tungnaár og borholur sbr. kort 1.

1.2 B-mæling

- 1.21 Staðsetja jarðsveiflumælingar og staðsetja og hæðarmæla jarðlagaskil í nokkrum opnum á svæði sbr. 1.11. Ennfremur endanleg mæling á borholum.
- 1.22 Staðsetja prófíla jarðsveiflumælinga. Staðsetja og hæðarmæla borroholur og endanleg mæling á borholum, sbr. svæði skv. 1.12.
- 1.23 Staðsetja jarðsveiflumælingar og gryfjur á svæði sbr. 1.13 og endanleg mæling borhola.
- 1.24 Staðsetningar- og hæðarmælingar vegna könnunar á lausum jarðlögum þ.e. gryfjur o.fl. ófyrirséðu.

2. Búrfell

2.1 A-mæling

- 2.11 Setja út aðrennslisskurð, þ.e. miðás, sbr. meðfylgjandi kort 2.
- 2.12 Setja út borholu á stöðvarhússtæði og miðás að- og frárennslisganga.
- 2.13 Setja út miðás frárennslisskurðar

2.2 B-mæling

- 2.21 Staðsetningar og hæðarmælingar á gryfjum og jarðsveiflumælingum á svæði sbr. 2.11.
- 2.22 Staðsetningar og hæðarmælingar á jarðsveifluþrófílum og endanleg mæling borholu, á svæði skv. 2.12.
- 2.23 Staðsetningar- og hæðarmælingar á borroholum og jarðsveifluþrófílum á svæði skv. 2.13.
- 2.24 Staðs.- og hæðarmælingar á jarðlagaskilum í Sámsstaðarmúla og Sámsstaðarklifi.

3. Búðarhálsvirkjun

3.1 A-mæling

3.11 Setja úr 2 kjarnaholur norðan og sunnan í Búðarhálsi skv. meðfylgjandi korti 3.


3.2 B-mæling

3.21 Staðsetningar- og hæðarmælingar á jarðlagaskilum í nágrenni kjarnahola og endanleg mæling á þeim.

4. Stórisjór

4.1 Í dag er ekki nákvæmlega ljóst hvaða rannsóknir verða framkvæmdar á svæðinu en þar munu sennilegast flokkast undir B-mælingu. Líklegara þarf að staðsetja og hæðarmæla jarðsveifluþrófíla og borholur þar.

Björn Jónsson



KORT 3

UNN Þ SAMVINNU VIÐ AV HF OG VST HF

LANDSVIRKJUN	
ÞJÓRSÁRVIRKJANIR, FORATHUGUN	
HÁLSVIRKJUN	
VETTANGSRANNSÖKNIR 1980	
VIRKIA hf	<i>Adolfsson hf</i>
VIRKIA CONSULTING GROUP LTD. REYKJAVÍK ICELAND	
199-145 55	JAN 80 7 8 5 3 6 1 - 1 1 3